

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir félagssvæði Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, en það nær yfir Vestmannaeyjakaupstað.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti.

Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagsins Ekils, bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar og Vinnuveitandafélags Vestmannaeyja.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöð, skulu auðkenndar með sérstöku merki.

4. gr.

Í apríl- og októbermánuði ár hvert veitir Sjálfseignarvörubifreiðastjórafélagið Ekill viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna.

Skal þá ef fjöldi leigubifreiða innan félagsins er kominn niður fyrir töluna 15, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni.

Umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 9 20. janúar 1972 sbr. reglugerð nr. 342 17. maí 1983.

Samgönguráðuneytinu, 27. febrúar 1987.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.